

Nefndarálit

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2003, um breytingu á XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergdís Ellertsdóttur og Ernu S. Hallgrímsdóttur frá utanríkisráðuneyti, Þóru Hjaltsted frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Hallgrím Ásgeirsson frá Seðlabanka Íslands og Guðjón Rúnarsson frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2003 frá 7. nóvember 2003, um breytingu á XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2560/2001 frá 19. desember 2001 um greiðslur yfir landamæri í evrum.

Í reglugerðinni er kveðið á um að kostnaður við greiðslur milli landa í evrum skuli vera hinn sami og kostnaður við greiðslur í evrum innan lands en verðlagning á þjónustunni er að öðru leyti frjáls. Ákvæði þessi gilda um greiðslur allt að 12.500 evrum fram til ársins 2006 en þá hækkar fjárhæðin í 50 þús. evrur. Jafnframt er gert skylt að hafa upplýsingar um kostnað við greiðslur milli landa aðgengilegar.

Innleiðing reglugerðarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og samkvæmt upplýsingum frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti verður lagafrumvarp væntanlega lagt fyrir Alþingi á yfirstandandi þingi.

Magnús Stefánsson og Steingrímur J. Sigfússon voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Alþingi, 10. mars 2004.

Sólveig Pétursdóttir,
form., frsm.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Jónína Bjartmarz.

Drífa Hjartardóttir.

Bryndís Hlökkversdóttir.

Einar K. Guðfinnsson.

Össur Skarphéðinsson.